

BORGARRÁÐ 22. ágúst 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ákvæði um meðalstærð íbúða - R190800142

Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill spyrja hvort það hafi aldrei komið til greina við skipulag einstakra reita að setja inn ákvæði um meðalstærð íbúða. Sem dæmi ef ákvæði væri að meðaltalið væri 80 fm. íbúð, myndi það þýða að ef byggingarverktakinn byggði eina 100 fm. íbúð, þyrfti hann að byggja aðra 60 fm. íbúð á móti til að ná 80 fm. meðaltali. Borgaryfirvöld gætu sett slík meðaltalsmörk til að stuðla að breytilegri stærð íbúða á ákveðnum reitum/svæði og þar með að margar stærðir íbúða stæðu til boða.